SKÓGRÆKT RÍKISINS

# 2016



**desember 2015**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

**febrúar**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | | | | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# janúar

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 | 2 |
| vika 1 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| vika 2 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| vika 3 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| vika 4 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| vika 5 | 31 | | | | | | |

1. Nýársdagur 6. Þrettándinn 22. Bóndadagur

## Gamla-Gróðrarstöðin

Ræktunarfélag Norðurlands var stofnað 1903 og sama ár gaf Akureyrarkaupstaður félaginu 25 dagsláttur (8 ha) af landi skammt fyrir innan byggðina sem þá var á Akureyri. Hluti þessa lands var upp af Krókeyri, beggja vegna Naustagils. Þar þótti hentugur staður til ræktunar, skjól gott og ýmiss konar jarðvegur, mýrar, holt, valllendisbrekka og melar. Trjárækt var strax hafin neðan við brekkuna og í Naustagili og árið 1906 var reist íbúðarhús fyrir tilraunastjórann sem síðan var kallað Gróðrarstöðin en í seinni tíð Gamla-Gróðrarstöðin. Þar fóru lengi fram merkar tilraunir í landbúnaði en nú eru Norðurlandsskógar og Akureyrarskrifstofa Skógræktar ríkisins þar til húsa. Við húsið standa mörg ríflega aldargömul tré af ýmsum tegundum.

Myndir: Óþekktur ljósmyndari (snemma á 20. öld) og Pétur Halldórsson (2014)



## janúar

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| 31 | | | | | | |

## mars

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# febrúar

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 5 | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| vika 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| vika 7 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| vika 8 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| vika 9 | 28 | 29 | | | | | |

8. Bolludagur 9. Sprengidagur 10. Öskudagur 21. Konudagur 29. Hlaupársdagur

## Múlakot

Þessar myndir eru báðar teknar í Múlakoti í Fljótshlíð á nákvæmlega sama stað en með um 65 ára millibili. Sú fyrri er frá því um 1950 og sú seinni var tekin þegar starfsfólk Skógræktar ríkisins kom saman til starfsmanna-fundar í Fljótshlíð í október 2014. Hákon Bjarnason tók eldri myndina en nafn mannsins er óþekkt.
Árið 1962 voru aspirnar í Múlakoti orðnar um 11 m háar en þær kól niður í rót í aprílhretinu fræga 1963. Aspirnar sem nú standa eru því teinungar af þeim upphaflegu, komnar í 26 m hæð. Í Múlakoti var fyrsta gróðrarstöð Skógræktar ríkisins á Suðurlandi og er þar nú eitt elsta og fjölbreyttasta trjásafn Suðurlands með stórvaxin, gömul tré af ýmsum trjátegundum, sumum sjaldséðum.

Myndir: Hákon Bjarnason (ca. 1950)
og Þröstur Eysteinsson (2014)



## febrúar

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | | | | | |

## apríl

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# mars

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 9 | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| vika 10 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| vika 11 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| vika 12 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| vika 13 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

3. Alþjóðl. dagur villtrar náttúru 20. Pálmasunnudagur og vorjafndægur 21. Alþjóðlegur dagur skóga 24. Skírdagur 25. Föstudagurinn langi 27. Páskadagur 28. Annar í páskum

## Lundur Dalbæjarbóndans

Austarlega í Eldhrauni er lítil gróðurvin. Þar gróðursetti Guðmundur Sveinsson trén á þessum myndum sem teknar eru með 15 ára millibili. Guðmundur, kallaður Mummi, var fæddur í Vík í Mýrdal árið 1907 en ólst upp á bænum Feðgum í Meðallandi. Hann starfaði lengi sem leigubílstjóri í Reykjavík og var einn þeirra sem áttu því láni að fagna að aka meistara Kjarval um landið. Um sjötugt vildi hann reyna fyrir sér með skógrækt í miðju Eldhrauni. Þar hafði hann lengi haft augastað á lautinni. Fyrstu trén gróðursetti hann í lok maí 1978. Við ræktunina var notað ríkulega af sauðataði en þarna er eins og gefur að skilja ekki mikill jarðvegur. Frá árinu 1994 hefur reiturinn verið í umsjá Skógræktarfélagsins Markar og hefur hann stækkað nokkuð frá tíð Guðmundar.

Myndir: Edda S. Oddsdóttir (1999) og (2011)



## mars

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

## maí

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# apríl

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 13 | | | | | | 1 | 2 |
| vika 14 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| vika 15 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| vika 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| vika 17 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

21. Sumardagurinn fyrsti   22. Dagur jarðar   25. Dagur umhverfisins

## Laugarvatnsskógur

Laugarvatnsskógur er einn af fyrstu skógum sem friðaðir voru fyrir beit hér á landi og er enn í umsjá Skógræktar ríkisins. Skógurinn er í brekkunni fyrir ofan Laugarvatnsþorpið og teygir sig til vesturs fyrir ofan veginn um Lyngdalsheiði og til austurs inn fyrir tjaldsvæðið á Laugarvatni að landamerkjum Snorrastaða. Þar er náttúrlegt kjarrlendi með birki og reyni. Það er meðal þeirra skóga sem bjargað var frá eyðingu á fyrstu árum skógræktar á Íslandi. Síðan hefur verið gróðursett í fjölbreytta lundi með ýmsum tegundum en áberandi er hversu mikið birkið hefur breiðst út. Nú má segja að allt Laugarvatnsland sé skógi- eða kjarrivaxið. Myndirnar tvær gefa góða hugmynd um þær breytingar sem orðið hafa frá árinu 1963 þegar sú eldri var tekin.

Myndir: Eiður Bergmann (1963)
og Hreinn Óskarsson (2014)



**apríl**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

**júní**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# maí

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 18 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| vika 19 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| vika 20 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| vika 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| vika 22 | 29 | 30 | 31 | | | | |

## Fjósar

Eldri myndin er tekin um miðjan níunda áratug síðustu aldar en sú síðari sumarið 2015 að Fjósum í Svartárdal. Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu keypti jörðina árið 1971 til að hefja þar skógrækt. Sjóðurinn var stofnaður með dánargjöf bræðranna Guðmundar, Einars og Friðriks Björnssona frá Múla í Miðfirði. Þorbergur Hjalti Jónsson skóg-fræðingur kom alaskaöspum til heima í stofuglugga og gróðursetti í svokallaða Tuley tubes plöntuhólka. Miklar vonir voru bundnar við slíka hólka um skeið í skógrækt á Íslandi. Von manna var að þeir gætu aukið lifun trjáplantna og flýtt fyrir þroska þeirra en hólkarnir áttu að brotna niður og hverfa með tímanum. Hólkarnir reyndust misjafnlega en víst er að aspirnar að Fjósum dafna vel sem og annað í þessum fallega skógi.

1. Verkalýðsdagurinn 5. Uppstigningardagur 8. Mæðradagurinn 15. Hvítasunnudagur
16. Annar í hvítasunnu

Myndir: Sigurgeir Kjartansson (1986)
og Páll Ingþór Kristinsson (2015)



## maí

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

## júlí

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| 31 | | | | | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# júní

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 22 | | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| vika 23 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| vika 24 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| vika 25 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| vika 26 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | | |

5. Sjómannadagurinn og alþjóðl. dagur umhverfisins 17. Lýðveldisdagurinn og alþjóðl. dagur gegn eyðimerkurmyndun og þurrkum 20. Sumarsólstöður 24. Jónsmessa 25. Skógardagurin mikli

## Hálsmelar

Á Hálsmelum norðan Vaglaskógar í Fnjóskadal voru miklar andstæður örsnauðra mela og gróskumikils birkiskógarins þegar melarnir voru friðaðir 1989. Árið eftir hóf Skógræktarfélag Fnjóskdæla gróðursetningu í melana undir merkjum landgræðsluskóga. Nú hafa Fnjóskdælir og nágrannar gróðursett í sjálfboðavinnu um 130 þúsund skógarplöntur á Hálsmelum, mest lerki. Árangurinn hefur verið mjög góður og er mikil breyting á svæðinu á örfáum árum. Hálsmelar eru lýsandi dæmi um hve fljótt má ná góðum árangri með skógrækt á mjög snauðu landi, sérstaklega á láglendi. Nú er kominn skógur þar sem var auðnin ein fyrir aldarfjórðungi. Land sem áður gaf ekkert af sér myndar nú verðmætan skóg sem senn fer að gefa arð.

Myndir: Sigurður Skúlason (1989)
og Pétur Halldórsson (2014)



### júní

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | | |

### ágúst

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | 30 | 31 | | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# júlí

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 26 | | | | | | 1 | 2 |
| vika 27 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| vika 28 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| vika 29 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| vika 30 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| vika 31 | 31 | | | | | | |

9. Skógardagur Norðurlands

## Ásbyrgi

Ásbyrgi mun hafa myndast í hamfarahlaupum Jökulsár fyrir þúsundum ára. Í miðju Ásbyrgi rís Eyjan með hamragöng báðum megin. Byrgið er skógi vaxið, einkum af birki og víði, auk reynis. Nokkur þúsund barrtré voru gróðursett þar og dafna vel. Skógrækt ríkisins keypti jörðina Ásbyrgi árið 1927 og friðaði skógarleifarnar í Byrginu sama ár. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri lýsir aðstæðum þannig 1936: „Friðunin í Ásbyrgi kom á elleftu stundu, því að gömlu skógarnir, Leirtjarnarskógur og Botnsskógur, voru á fallandi fæti. Nýgræðingur var þar lítill sem enginn, en land mjög notað til beitar. Gömlu trén voru að kveðja lífið fyrir elli sakir. Ásbyrgi er hluti af Vatnajökulsþjóðgarði sem sér um svæðið í samráði við Skógrækt ríkisins.

Myndir: Óþekktur ljósmyndari (snemma á 20. öld)
og Esther Ösp Gunnarsdóttir (2011)



## júlí

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| 31 | | | | | | |

## september

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# ágúst

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 31 | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| vika 32 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| vika 33 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| vika 34 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| vika 35 | 28 | 29 | 30 | 31 | | | |

## Húsadalur

Á þessari skemmtilegu samsetningu ljósmynda sem teknar eru með ríflega 80 ára millibili sést vel hversu mikinn árangur friðunar- og ræktunarstarf Skógræktar ríkisins á Þórsmörk hefur borið. Eldri myndin fannst í slitrum gamallar bókar, *Across Iceland: The Land of Frost and Fire*. Höfundur var Olive Murray Chapman og bókin kom út á árinu 1930. Nýju myndina tók Hreinn Óskarsson sumarið 2014 frá svipuðu sjónarhorni og sést vel hvað birkið hefur sótt fram í Langadal. Þess má geta að þetta var eitt af best grónu svæðum Merkurinnar á sínum tíma og hefur framför birkiskóga víða um svæðið verið mun meiri en sést á þessari mynd. Birkiskóglendi á Þórsmörk og nágrenni hefur aukist úr 4 $km^2$ í um 14 $km^2$ undanfarinn aldarfjórðung.

1. Frídagur verslunarmanna

Myndir: Olive Murray Chapman (1930)
og Hreinn Óskarsson (2014)



ágúst

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | 30 | 31 | | | |

október

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | 31 | | | | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# september

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 35 | | | | | 1 | 2 | 3 |
| vika 36 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| vika 37 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| vika 38 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| vika 39 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | |

16. Dagur íslenskrar náttúru 22. Haustjafndægur

## Mógilsá

Stöðvarhús Rannsóknastöðvar Skógræktar, Mógilsá er þjóðargjöf Norðmanna til skógræktar á Íslandi, gefin Skógrækt ríkisins árið 1961. Núverandi Noregskonungur, Haraldur V., vígði húsið og var þá krónprins Norðmanna. Húsið er steinsteypt en klætt með timbri. Það hýsir rannsóknarstofur og skrifstofur starfsmanna, fundarsal og bókasafn. Við suðurhlið hússins var reist rannsóknargróðurhús. Þegar starfsemi Skógræktar ríkisins hófst á Mógilsá var þar enginn skógur. Staðurinn var mjög vindasamur enda steyptist norðanáttin ofan af Esju og náði miklum hraða við fjallsræturnar. Nú hreyfir varla hár á höfði á hlaðinu við stöðvarhúsið á Mógilsá hvernig sem viðrar. Skógurinn á Mógilsá er gott dæmi um hversu mjög skógrækt getur breytt veðurfari til hins betra.

Myndir: Óþekktur ljósmyndari (1970)
og Aðalsteinn Sigurgeirsson (2014)



**september**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 |

**nóvember**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# október

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 39 | | | | | | | 1 |
| vika 40 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| vika 41 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| vika 42 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| vika 43 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| vika 44 | 30 | 31 | | | | | |

22. Fyrsti vetrardagur

## Sandártunga

Á árunum 1990-1992 var birki gróðursett í lítt gróna vikra á Landgræðslusvæði í Sandártungu í Þjórsárdal. Á þessum slóðum var uppblástur verulegt vandamál langt fram eftir tuttugustu öldinni en nú er umhverfið gjörbreytt og á eftir að breytast enn á næstu áratugum eftir því sem árangurinn af Hekluskógaverkefninu kemur betur í ljós. Þegar Búrfellsvirkjun var í smíðum kringum 1970 bjuggu þar margar fjölskyldur þeirra sem unnu að framkvæmdunum. Börnunum var ekið á frambyggðum rússajeppum í skólann í Árnesi. Fyrir kom að sandfokið væri svo mikið að ófært varð með börnin heim. Stundum fengu þau að bíða af sér storminn á Ásólfsstöðum. Nú er moldrok liðin tíð í Þjórsárdal. Skógarnir eru farnir að gefa timbur til húsasmíða og sögunarmylla er risin.

Myndir: Hreinn Óskarsson (1991) og (2011)



**október**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | 31 | | | | | |

**desember**

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

# nóvember

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 44 | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| vika 45 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| vika 46 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| vika 47 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| vika 48 | 27 | 28 | 29 | 30 | | | |

13. Feðradagurinn 16. Dagur íslenskrar tungu 27. Aðventa hefst

SKÓGRÆKT RÍKISINS

## Vaglaskógur

Þegar Skógrækt ríkisins tók formlega til starfa 1. janúar 1908 fékk hún í vöggugjöf Hallormsstaðaskóg, Vaglaskóg og umsjón með smáreitunum á Þingvöllum og að Grund í Eyjafirði. Strax var hafist handa við að friða skóginn í heild. Allt frá því Skógrækt ríkisins tók við Vaglaskógi hafa miklar nytjar verið hafðar af honum, einkum til eldiviðar og kolagerðar. Meðferðin á skóginum miðast við að viðhalda honum, sérstaklega með stakfellingu. Þessari aðferð hefur nú verið beitt í Vaglaskógi i heila öld, lengur en flest birkitré lifa. Gömlu trén, sem nú eru felld hófu að vaxa snemma á 20. öld. Allan þann tíma hefur skógurinn vaxið og dafnað án þess að gestir hafi tekið mikið eftir því að kynslóðaskipti yrðu hjá trjánum.

Myndir: Christian E. Flensborg (1906)
og Þröstur Eysteinsson (2014)



## nóvember

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | | | |

## janúar 2017

| S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

SKÓGRÆKT RÍKISINS

# desember

| | S | M | Þ | M | F | F | L |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| vika 48 | | | | | 1 | 2 | 3 |
| vika 49 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| vika 50 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| vika 51 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| vika 52 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 |

1. Fullveldisdagurinn 5. Alþjóðl. dagur jarðvegs 21. Vetrarsólstöður 23. Þorláksmessa
24. Aðfangadagur 25. Jóladagur 26. Annar í jólum 31. Gamlársdagur

## Mjóanes

Myndirnar eru teknar í Mjóanesi á Völlum, sú eldri sumarið 1988 þegar skógfræðingurinn Roger Lines hjá Forestry Commission í Skotlandi var á ferðalagi um Ísland ásamt konu sinni í fylgd ungs íslensks skógfræðings, Aðalsteins Sigurgeirssonar. Á myndinni er Jón Loftsson, sem þá var skógar-vörður á Hallormsstað, að ræða við Roger í ungum skógarreit en í baksýn lerkiskógur sem gróðursett var í um 1970. Einmitt í þeim skógi stendur Jón á yngri myndinni um það bil aldarfjórðungi síðar. Þar sést að skógurinn hefur vaxið mjög vel síðan, verið grisjaður og eftir standa tré sem sum hver verða á endanum verðmætustu timburtrén og skila góðum arði við lokahögg. Jón Loftsson varð skógræktarstjóri 1990 og lét af störfum í árslok 2015. Honum eru þökkuð góð störf.

Myndir: Sigurður Blöndal (1988)
og Esther Ösp Gunnarsdóttir (2011)

Aðalskrifstofa
Miðvangi 2-4
700 Egilsstaðir
skogur@skogur.is

Rannsóknastöð
skógræktar á Mógilsá
Kjalarnesi
116 Reykjavík
mogilsa@skogur.is

Skrifstofa
á Akureyri
Gömlu gróðrarst.
Krókeyri
600 Akureyri
akureyri@skogur.is

SKÓGRÆKT
RÍKISINS

Skógarvörður
á Austurlandi
Hallormsstað
701 Egilsstaðir
hallormsstadur@skogur.is

Skógarvörður
á Suðurlandi
Gunnarsholti
851 Hella
sudurland@skogur.is

Skógarvörður
á Norðurlandi
Vöglum
601 Akureyri
nordurland@skogur.is

Skógarvörður
á Vesturlandi
Hvammi
311 Borgarnes
vesturland@skogur.is

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár

# Happy holidays